# Reykjavíkurborg

## ÁRSREIKNINGUR 2005

**APRÍL 2006**

# Reykjavíkurborg

## ÁRSREIKNINGUR 2005

**EFNISYFIRLIT**


| | bls. |
|---|---|
| Frá borgarstjóra ............................................................ | 2 |
| Ársreikningur ................................................................ | 3 |
| Skýrsla og áritun borgarstjóra ..................................... | 4 |
| Áritun borgarstjórnar .................................................. | 5 |
| Áritun endurskoðenda og skoðunarmanna .................... | 6 |
| Rekstrarreikningur ....................................................... | 7 |
| Efnahagsreikningur ...................................................... | 8-9 |
| Yfirlit um sjóðstreymi .................................................. | 10 |
| Skýringar ...................................................................... | 11-24 |

# Frá borgarstjóra

Reykjavíkurborg hefur undanfarin ár lagað sig að kröfum um nútímalegan rekstur þar sem kröfur og væntingar þeirra sem þurfa á þjónustu hennar að halda eru í fyrirrúmi. Stjórnun felst að verulegu leyti í því að stjórna breytingum, endurskilgreina verkefni, leita nýrra tækifæra og laga skipulag og þjónustu að nýjum og breyttum áherslum.

Á árinu 2005 voru innleiddar umfangsmestu breytingar á þjónustu og stjórnkerfi Reykjavíkurborgar frá upphafi. Markmiðið er að greiða götu íbúa, efla þjónustuna og færa hana nær notendum.

Þjónustumiðstöðvar hafa verið settar upp í öllum hverfum borgarinnar.

Stjórnkerfi Reykjavíkurborgar var á sama tíma endurskipulagt til einföldunar; nefndum var fækkað og málaflokkar sameinaðir til samræmingar nefndakerfis og stjórnsýslu. Með þessari uppstokkun hafa þegar skapast ný tilefni og tækifæri til umbóta og aukinnar ráðdeildar í stjórnkerfinu, sem aukið hafa yfirsýn og bætt þjónustu. Svið, stofnanir og fyrirtæki Reykjavíkurborgar hafa sýnt og sannað að þar er stjórnað af kunnáttu. Rekstrarniðurstaða sviðanna endurspeglar aga og festu og sýnir að virðing er borin fyrir ákvörðunum lýðræðislega kjörinnar borgarstjórnar; áætlanir standast.

Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2005 endurspeglar ekki aðeins styrka fjárhagsstöðu borgarinnar og fyrirtækja hennar heldur ber jafnframt vitni skýrri framtíðarsýn borgaryfirvalda og þeirrar umbótastefnu sem rekin hefur verið. Farið hefur saman ábyrgð í rekstri og fjárfestingum, áhersla á góða nýtingu fjármuna og lýðræðislegar áherslur og sátt við úthlutun takmarkaðra gæða. Fjárfestingar hafa verið markvissar og til þess litið að fjárfestingarverkefni skiluðu samfélaginu ávinningi til lengri eða skemmri tíma litið eftir eðli máls.

Ákvörðun um byggingu tónlistar- og ráðstefnuhúss í miðborg Reykjavíkur í samstarfi við ríki og einkaaðila eru gott dæmi um slíkt. Sú fjárfesting mun ekki einungis skila borgasamfélaginu miklum ábata heldur þjóðarbúinu öllu til langrar framtíðar. Hið sama má segja um nýtt frjálsíþróttahús við Laugardalshöllina. Borgarbúar skilja að til að markaðslögmálin ein og sér ná ekki að þjóna öllum þörfum vaxandi borgar og eru því reiðubúnir að leggja skattfé sitt í fjárfestingu sem skilar sér til komandi kynslóða.

Framtíðarsýn borgaryfirvalda um alþjóðlega borg sem er samkeppnisfær um fólk og fyrirtæki birtist víðsvegar. Við köllum ekki bara til almennings og okkar bestu hugsuða, heldur er leitað í smiðju þeirra sem best kunna á heimsvísu. Þar er alþjóðleg samkeppni um framtíðarskipulag Vatnsmýrarinnar dæmi. Bygging nýs háskóla í Vatnsmýrinni endurspeglar frumkvæði að því að styrkja háskólaborgina Reykjavík og er jafnframt mikilvægur liður í endurfæðingu miðborgarinnar.

Hinir félagslegu innviðir eru styrktir með margvíslegum aðferðum. Samtakamáttur íbúa er efldur með stofnun þjónustumiðstöðva, en innleiðing gjaldfrjálsra leikskóla er líka langt kominn. Leikskóladvöl verður þar með hluti af hefðbundinni skólagöngu barna. Um leið er komið til móts við barnafjölskyldur sem bera þyngstu útgjaldabyrðarnar í samfélaginu. Í innra starf skóla sem annarra þjónustustofnana leitast sífellt við að gera betur og mæta nútíma kröfum og væntingum.

Ársreikningur Reykjavíkurborgar sýnir í tölum að árangur hefur verið sem erfiði. Búið er í haginn til framtíðar fyrir fólk, fjölskyldur og fyrirtæki.



# Reykjavíkurborg

## ÁRSREIKNINGUR 2005

# Skýrsla og áritun borgarstjóra

Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2005 er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga. Í ársreikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum.

Reikningshaldi Reykjavíkurborgar er skipt í annars vegar A hluta og hins vegar B hluta. Til A hluta borgarsjóðs telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum, en í B hluta eru fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu borgarinnar og rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Samkvæmt rekstrarreikningi borgarsjóðs voru heildartekjur 41.876,8 mkr. á árinu 2005, en þar af námu skatttekjur 34.580,2 mkr. Álagningarhlutfall útsvars var 13,03%, sem er lögbundið hámark. Álagningarhlutfall fasteignagjalda íbúðarhúsnæðis nam 0,32%, en lögbundið hámark þess með hækkunarheimild er 0,625%. Álagningarhlutfall fasteignagjalda á atvinnuhúsnæði nam 1,65% sem er lögbundið hámark. Tap varð af rekstri borgarsjóðs á árinu að fjárhæð 124,8 mkr., en samkvæmt fjárhagsáætlun ársins var gert ráð fyrir tapi að fjárhæð 775,6 mkr. Rekstrarniðurstaða samantekins rekstrarreiknings A og B hluta sýnir hagnað að fjárhæð 5.140,1 mkr.

Laun og launatengd gjöld borgarsjóðs á árinu voru samtals 25.573,0 mkr., en þar af nemur breyting lífeyrisskuldbindingar 4.132,5 mkr. Fjöldi starfsmanna Reykjavíkurborgar var 6.840, þar af voru starfsmenn borgarsjóðs 5.559.

Heildareignir Reykjavíkurborgar samkvæmt samanteknum efnahagsreikningi námu í árslok 2005 samtals 214.361,0 mkr., heildarskuldir ásamt skuldbindingum voru 110.752,6 mkr. Eigið fé nam 97.447,5 mkr. og hlutdeild minnihluta 6.160,9 mkr.

Þann 1. desember 2005 var fjöldi íbúa í Reykjavíkurborg samtals 114.800 en hann var 113.730 árið á undan.

Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2005 er hér með staðfestur með undirritun.

Reykjavík, 23. apríl 2006

Steinunn Valdís Óskarsdóttir
borgarstjóri

# Áritun borgarstjórnar

Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2005 er hér með staðfestur með undirritun.

Reykjavík, 2. maí 2006

Borgarstjórn

# Áritun endurskoðenda og skoðunarmanna

## Til borgarstjórnar:

Við höfum endurskoðað ársreikning Reykjavíkurborgar fyrir árið 2005. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi borgarinnar og samantekinn ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í skýrslu og áritun borgarstjóra, áritun borgarstjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum borgarinnar og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægilega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Reykjavíkurborgar á árinu 2005, efnahag hennar 31. desember 2005 og breytingu á handbæru fé á árinu 2005 í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 23. apríl 2006

Grant Thornton endurskoðun ehf.

Gerður Guðjónsdóttir
löggiltur endurskoðandi

Guðmundur Snorrason
löggiltur endurskoðandi

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Reykjavíkurborgar, höfum yfirfarið ársreikninginn og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 23. apríl 2006

Sveinn Jónsson

Sævar Þ. Sigurgeirsson

# Rekstrarreikningur ársins 2005

| | Skýr | Borgarsjóður A hluti 2005 | Borgarsjóður A hluti Áætlun | Samantekið A og B hluti 2005 | Samantekið A og B hluti Áætlun |
|---|---|---|---|---|---|
| | | .000 | .000 | .000 | .000 |
| **Rekstrartekjur** | 2,22,36 | | | | |
| Skatttekjur ........................................................... | | 34.580.244 | 34.286.200 | 34.362.134 | 34.089.200 |
| Aðrar tekjur ........................................................... | | 7.296.551 | 7.277.735 | 28.724.788 | 27.764.493 |
| **Rekstrartekjur samtals** | | **41.876.795** | **41.563.935** | **63.086.922** | **61.853.693** |
| **Rekstrargjöld** | 3 | | | | |
| Laun og launatengd gjöld ..................................... | 23 | 21.440.549 | 21.745.679 | 27.020.256 | 27.110.858 |
| Annar rekstrarkostnaður ....................................... | | 16.998.999 | 17.559.099 | 22.797.687 | 24.202.045 |
| | | 38.439.548 | 39.304.778 | 49.817.944 | 51.312.903 |
| Breyting lífeyrisskuldbindingar ............................ | 16,38 | 4.132.487 | 2.809.000 | 4.273.881 | 2.943.200 |
| Afskriftir .............................................................. | 8,28-30 | 2.190.118 | 2.056.218 | 7.171.184 | 6.894.012 |
| **Rekstrargjöld samtals** | | **44.762.153** | **44.169.996** | **61.263.008** | **61.150.115** |
| **Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .......................** | | **( 2.885.358 )** | **( 2.606.061 )** | **1.823.914** | **703.578** |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | 4 | | | | |
| Fjármagnsliðir ...................................................... | 24 | 2.760.512 | 1.830.500 | 822.850 | ( 1.669.842 ) |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals** | | **2.760.512** | **1.830.500** | **822.850** | **( 1.669.842 )** |
| **Rekstrarniðurstaða fyrir áhrif hlutdeildarfélaga** | | **( 124.846 )** | **( 775.561 )** | **2.646.764** | **( 966.264 )** |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga .................... | 9,25 | | | 2.815.290 | 691.368 |
| Hlutdeild minnihluta í afkomu dótturfélaga .......... | | | | ( 321.985 ) | ( 141.625 ) |
| **Rekstrarniðurstaða ársins .....................................** | 26 | **( 124.846 )** | **( 775.561 )** | **5.140.069** | **( 416.521 )** |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2005

## Eignir

| | Skýr | Borgarsjóður A hluti 2005 | Borgarsjóður A hluti 2004 | Samantekið A og B hluti 2005 | Samantekið A og B hluti 2004 |
|---|---|---|---|---|---|
| | | .000 | .000 | .000 | .000 |
| **Fastafjármunir** | | | | | |
| Óefnislegar eignir o.fl. | | | | | |
| Ýmsar óefnislegar eignir .................................... | 5,27 | | | 68.712 | 94.440 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 6,7,8 | | | | |
| Fasteignir ............................................................ | | 48.166.525 | 46.795.334 | 86.175.956 | 81.007.072 |
| Veitukerfi ............................................................ | | 0 | 0 | 79.924.926 | 67.367.020 |
| Gatnakerfi ............................................................ | | 3.407.750 | 2.815.666 | 3.605.311 | 2.942.393 |
| Áhöld og tæki ...................................................... | | 798.824 | 694.428 | 4.049.146 | 4.023.546 |
| | 28-29 | **52.373.098** | **50.305.428** | **173.755.339** | **155.340.031** |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | | | |
| Eignarhlutar í félögum ........................................ | 9,34 | 20.506.781 | 20.665.855 | 26.790.291 | 23.651.054 |
| Langtímakröfur á eigin fyrirtæki ......................... | 10,11,35 | 7.450.077 | 7.091.410 | 0 | 0 |
| Aðrar langtímakröfur ........................................... | 35 | 145.922 | 484.033 | 450.162 | 801.922 |
| | | **28.102.780** | **28.241.298** | **27.240.452** | **24.452.976** |
| **Fastafjármunir** | | **80.475.878** | **78.546.726** | **201.064.503** | **179.887.447** |
| **Veltufjármunir** | | | | | |
| Birgðir ................................................................... | 12 | | | 675.575 | 585.409 |
| Skammtímakröfur: | 11,13,36 | | | | |
| Óinnheimtar tekjur ............................................... | | 4.831.747 | 4.960.639 | 7.474.091 | 7.296.938 |
| Næsta árs afborganir langtímakr. á eigin ft. ........ | | 111.969 | 113.209 | 0 | 0 |
| Næsta árs afborganir annarra langtímakr. ............ | | 142.585 | 245.527 | 320.455 | 399.931 |
| Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki ......................... | | 309.795 | 406.370 | 0 | 0 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður ............................... | | 196.621 | 0 | 196.621 | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur ...................................... | | 1.491.453 | 1.633.741 | 2.033.071 | 2.232.201 |
| | | 7.084.170 | 7.359.486 | 10.024.238 | 9.929.070 |
| Handbært fé ......................................................... | 14 | 1.244.431 | 110.130 | 2.596.649 | 1.292.294 |
| **Veltufjármunir** | | **8.328.601** | **7.469.616** | **13.296.461** | **11.806.772** |
| **Eignir samtals** | | **88.804.480** | **86.016.342** | **214.360.964** | **191.694.219** |

***Eignir utan efnahagsreiknings ..................*** 15

# Efnahagsreikningur 31. desember 2005

## Skuldir og eigið fé

| | Skýr | Borgarsjóður A hluti 2005 | Borgarsjóður A hluti 2004 | Samantekið A og B hluti 2005 | Samantekið A og B hluti 2004 |
|---|---|---|---|---|---|
| | | .000 | .000 | .000 | .000 |
| **Eigið fé** | | | | | |
| Eigið fé ............................................................ | 37 | **35.964.655** | **36.089.502** | **97.447.493** | **90.361.501** |
| **Hlutdeild minnihluta** | | | | | |
| Hlutdeild minnihluta í dótturfélögum .................... | | | | 6.160.919 | 3.534.107 |
| | | | | **6.160.919** | **3.534.107** |
| **Skuldbindingar** | | | | | |
| Lífeyrisskuldbindingar .......................................... | 16,38 | 31.721.345 | 28.203.738 | 32.251.511 | 29.412.958 |
| Aðrar skuldbindingar ............................................ | 16,17 | 45.637 | 45.310 | 91.002 | 103.143 |
| | | **31.766.982** | **28.249.048** | **32.342.514** | **29.516.102** |
| **Langtímaskuldir** | | | | | |
| Langtímaskuldir við lánastofnanir ......................... | 18,39 | 14.562.127 | 14.389.775 | 67.876.306 | 57.833.925 |
| Næsta árs afborgun langtímalána við lánast. ......... | 40 | ( 614.352 ) | ( 451.579 ) | ( 3.905.947 ) | ( 3.654.221 ) |
| | | **13.947.775** | **13.938.196** | **63.970.359** | **54.179.704** |
| **Skammtímaskuldir** | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir ...................................... | | 0 | 693.572 | 635.240 | 1.774.695 |
| Viðskiptaskuldir ................................................... | | 2.417.123 | 2.236.145 | 4.029.272 | 3.480.230 |
| Næsta árs afborganir langtímalána við lánast.. ...... | 40 | 614.352 | 451.579 | 3.905.947 | 3.654.221 |
| Næsta árs afborganir lífeyrisskuldbindinga ........... | 38 | 657.269 | 656.623 | 673.128 | 699.551 |
| Skuldir við eigin fyrirtæki .................................... | | 97.801 | 72.743 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir ...................................... | | 3.338.521 | 3.628.934 | 5.196.092 | 4.494.109 |
| | | **7.125.068** | **7.739.596** | **14.439.679** | **14.102.806** |
| **Skuldir og skuldbindingar samtals** | | **52.839.824** | **49.926.840** | **110.752.552** | **97.798.611** |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | | **88.804.480** | **86.016.342** | **214.360.964** | **191.694.219** |

***Skuldbindingar utan efnahagsreiknings .....*** 19,41-43

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2005

| | Skýr | Borgarsjóður A hluti 2005 | Borgarsjóður A hluti Áætlun | Samantekið A og B hluti 2005 | Samantekið A og B hluti Áætlun |
|---|---|---|---|---|---|
| | | .000 | .000 | .000 | .000 |
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | |
| Niðurstaða ársins .................................................. | | ( 124.846 ) | ( 775.561 ) | 5.140.069 | ( 416.521 ) |
| Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | | | |
| Söluhagnaður eigna ............................................ | | ( 1.434.494 ) | ( 976.783 ) | ( 1.910.732 ) | ( 1.270.113 ) |
| Reiknaðar afskriftir ............................................ | 27-30 | 2.190.118 | 2.056.218 | 7.171.184 | 6.894.012 |
| Verðbætur og gengism. langtímask./krafna ......... | 4 | ( 717.918 ) | ( 150.000 ) | ( 1.829.919 ) | 612.282 |
| Framlag í afskriftareikning viðskiptakr. o.fl. ....... | | 0 | 0 | 11.518 | 45.330 |
| Áhrif dótturfélaga og hlutdeild minnihluta .......... | | 0 | 0 | ( 2.493.306 ) | ( 549.743 ) |
| Breyting tekjuskatts- og lífeyrisskuldbindinga .... | | 4.132.814 | 2.837.000 | 4.268.128 | 2.966.576 |
| **Veltufé frá rekstri** | | **4.045.674** | **2.990.874** | **10.356.943** | **8.281.823** |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | | **( 316.229 )** | **( 301.771 )** | **( 560.169 )** | **( 730.826 )** |
| **Handbært fé frá rekstri** | | **3.729.444** | **2.689.103** | **9.796.775** | **7.550.997** |
| **Fjárfestingahreyfingar** | 21 | | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum ......... | | ( 6.348.212 ) | ( 5.329.200 ) | ( 23.920.159 ) | ( 20.989.080 ) |
| Söluverð seldra rekstrarfjármuna .......................... | | 1.020.679 | 279.500 | 1.474.252 | 504.377 |
| Gatnagerðagjöld/jöfnunarsjóður/lóðagjöld ............ | | 2.292.456 | 2.497.000 | 2.586.713 | 2.497.000 |
| Breyting á eignarhlutum ...................................... | | 370.858 | ( 101.000 ) | 681.969 | 44.560 |
| Skammtímafjármögnun fjárfestinga ..................... | | ( 279.179 ) | | 225.291 | 0 |
| Langtímakröfur, breyting ...................................... | | 342.255 | 50.000 | 517.842 | 554.799 |
| Annað m.a. bundnar bankainnstæður o.fl. ............. | | 0 | 0 | ( 59.381 ) | 116.084 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | **( 2.601.143 )** | **( 2.603.700 )** | **( 18.493.473 )** | **( 17.272.260 )** |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | |
| Tekin ný langtímalán ............................................ | | 2.488.405 | 0 | 16.749.235 | 12.872.658 |
| Afborganir langtímalána ....................................... | | ( 1.856.764 ) | 0 | ( 5.567.689 ) | ( 3.179.969 ) |
| Innborgað hlutafé / aðrar breytingar á eigin fé ...... | | ( 5.243 ) | 0 | 62.982 | ( 76.528 ) |
| Skammtímafjármögnun ........................................ | | ( 693.572 ) | 0 | ( 1.210.282 ) | 146.203 |
| Arður .................................................................... | | 0 | 0 | ( 91.560 ) | ( 39.612 ) |
| Viðskiptastaða við eigin fyrirtæki, breyting .......... | | 74.785 | 0 | 0 | 0 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | **7.611** | **0** | **9.942.687** | **9.722.752** |
| **Hækkun á handbæru fé .........................................** | | **1.135.912** | **85.403** | **1.245.989** | **1.489** |
| **Handbært fé í ársbyrjun ........................................** | | **110.130** | **211.326** | **1.292.294** | **950.998** |
| **Breytingar á félögum í samstæðu .........................** | | **( 1.611 )** | | **58.367** | **11.964** |
| **Handbært fé í lok ársins ........................................** | 21 | **1.244.431** | **296.729** | **2.596.649** | **964.451** |

# Skýringar

**1.** Ársreikningur Reykjavíkurborgar hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi borgarinnar og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi hennar, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Til A hluta, þ.e. borgarsjóðs, telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð, Fasteignastofu, og Skipulagssjóð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu borgarinnar, en rekstur þessara fyrirtækja er að stofni til fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi borgarinnar eru Aflvaki hf., Bílastæðasjóður Reykjavíkur, Faxaflóahafnir sf., Félagsbústaðir hf., Fráveita Reykjavíkur, Íþrótta- og sýningahöllin hf., Malbikunarstöðin Höfði hf., Orkuveita Reykjavíkur, Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., Sorpa bs., og Strætó bs. Innkaupastofnun Reykjavíkur var lögð niður á árinu og Vélamiðstöðin ehf. seld. Reykjavíkurhöfn sameinaðist Akraneshöfn, Grundartangahöfn og Borgarneshöfn undir nafninu Faxaflóahafnir sf. Eignarhlutur Reykjavíkurborgar í hinu nýja félagi er 75%.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingar félagsmálaráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Í samanteknum ársreikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga borgarinnar. Af viðskiptum milli rekstrareininga borgarinnar má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Fasteignastofu og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu. Þá er einnig um að ræða reiknaða vexti á viðskiptastöðu og langtímalán vegna yfirfærslu eigna og fjárfestinga.

## Reikningsskilaaðferðir

### *Innlausn tekna*

**2.** Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Skatttekjur eru útsvar, fasteignaskattar og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðaleiga.

Framlög til stofnkostnaðar og innheimt gjöld vegna framkvæmda eru tekjufærð í rekstrarreikningi á nýtingartíma fjárfestingarinnar, nema ef um óverulegar fjárhæðir er að ræða. Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru almennt færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast. Sama á við um styrki.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning á meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

### *Lotun gjalda*

**3.** Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### *Verðlags- og gengisviðmið*

**4.** Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

*Óefnislegar eignir*

5. Rannsóknarkostnaður er eignfærður í efnahagsreikningi sem óefnisleg eign, ef ásættanlegar líkur eru á því að verkefnið skili tekjum síðar. Kostnaðurinn er færður til gjalda á 8 árum.

*Eignfærsla varanlegra rekstrarfjármuna*

6. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum sem miðaðar eru við áætlaðan nýtingartíma þeirra. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði þeirra og þeim kostnaði sem hlýst af öflun þeirra og endurbótum. Áhöld og tæki undir 2,5 mkr. eru gjaldfærð hjá A hluta.

*Eignir teknar á leigu*

7. Leigusamningar, þar sem meginhluti ávinnings eða áhættu er á ábyrgð borgarinnar, eru flokkaðir sem eignaleigusamningar. Þess konar samningar geta verið um einkaframkvæmd eða fjármögnunarleigu. Varanlegir rekstrarfjármunir, sem aflað er með slíkum leigusamningum, eru færðir til eignar á matsverði, markaðsverði eða núvirði lágmarks leigugreiðslna við upphaf leigutíma, að frádregnum afskriftum.

*Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna*

8. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Almennt er miðað við að niðurlagsverð svari til eins árs afskriftar, þó að hámarki 10% af stofnverði. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Byggingar, skrifstofu- og skólahúsnæði ............................................................ | 40 ár |
| Aðrar byggingar ............................................................................................ | 25-50 ár |
| Lóðir og lönd vegna skipulags ......................................................................... | 25 ár |
| Gatnakerfi ........................................................................................................ | 25 ár |
| Veitukerfi ......................................................................................................... | 25-40 ár |
| Orkuveitan, orkuver .......................................................................................... | 0-15 ár |
| Orkuveitan, hitaveitu- og rafveitukerfi ............................................................... | 10-50 ár |
| Orkuveitan, gagnaflutningskerfi ....................................................................... | 25 ár |
| Áhöld og tæki ................................................................................................... | 3-15 ár |

*Eignarhlutir í félögum*

9. Í ársreikningi aðalsjóðs eru eignarhlutir í félögum, byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum færðir á kostnaðarverði, en bókfært verð eignarhluta í árslok 2001 er þó óbreytt í ársreikningnum. Í ársreikningi A hluta er fyrst og fremst verið að draga fram ráðstöfun skatttekna og er því ekki færð hlutdeild í afkomu félaga. Framlög borgarsjóðs til byggðasamlaga teljast hluti kostnaðar viðeigandi málaflokks.

Í samanteknum ársreikningi A og B hluta eru eignarhlutir í félögum, byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð. Í hlutdeildaraðferð felst að hlutdeild borgarinnar í afkomu og eigin fé hlutdeildarfélaga er færð í ársreikninginn, samanber skýringar 25 og 34. Eignarhlutir í félögum, þar sem borgin á minna en 20% eignarhlut, eru færðir á kostnaðarverði.

Niðurfærsla eignarhluta í félögum er reiknuð og færð í ársreikninginn að undangengnu mati.

### *Langtímakröfur*

10. Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör að teknu tilliti til niðurfærslu, sbr. skýringu 11. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikningi á meðal veltufjármuna.

### *Niðurfærslur krafna*

11. Langtímakröfur, óinnheimtar skatttekjur og aðrar útistandandi skammtímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og eru niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi, sbr. skýringu 36. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna á reikningsárinu er færð í rekstrarreikning.

### *Birgðir*

12. Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara.

### *Skammtímakröfur*

13. Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar og áfallinna vaxta, ef um vaxtaberandi kröfur er að ræða. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanhöldum við innheimtu þeirra, sbr. skýringu 11 um niðurfærslu krafna.

### *Handbært fé*

14. Sjóður, bankainnstæður og markaðsverðbréf teljast til handbærs fjár.

### *Eignir utan efnahagsreiknings*

15. Lönd og lóðir í eigu borgarsjóðs eru ekki færðar til eignar í efnahagsreikningi, nema þau hafi verið keypt á undanförnum árum vegna skipulags eða lóðaúthlutunar. Fasteignamat þeirra lóða sem ekki eru eignfærðar nam 180.382 mkr. í árslok 2005.

### *Skuldbindingar*

16. Skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna borgarinnar er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar. Breyting á skuldbindingunni á árinu er færð í rekstrarreikning, sbr. skýringu 38.

Aðrar skuldbindingar í efnahagsreikningi eru að mestu leyti ábyrgðir Húsnæðisnefndar Reykjavíkur vegna byggingargalla.

### *Tekjuskattsskuldbinding*

17. Tekjuskattsskuldbinding félaga í eigu borgarsjóðs er reiknuð og færð í ársreikninginn, en hún stafar af mismun efnahagsliða í skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félaganna er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þeirra.

### *Langtímaskuldir*

18. Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um, sbr. skýringar 39 og 40.

### *Skuldbindingar utan efnahagsreiknings*

**19.** Yfirlit um skuldbindingar og ábyrgðir aðalsjóðs utan efnahagsreiknings er birt í skýringum 41 til 43. Hvað skuldbindingar varðar er annars vegar um að ræða loforð um framlög og styrki og hins vegar núvirtar greiðslur samkvæmt samningi um rekstrarleigu íþróttamannvirkis.

Leigusamningar, þar sem meginhluti ávinnings eða áhættu er ekki á ábyrgð aðalsjóðs, eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar. Þess konar samningar geta verið um einkaframkvæmd eða fjármögnunarleigu. Árleg leigufjárhæð vegna slíkra samninga er gjaldfærð í rekstrarreikningi, en núvirt skuldbinding utan efnahagsreiknings er tilgreind í skýringu 41.

### *Fjárhagsáætlun*

**20.** Fjárhagsáætlun fyrir árið 2005 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og sjóðstreymi.

### *Yfirlit um sjóðstreymi*

